17 MAY 97 09 40

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/2167
komudagur 27.5.'97

R15003A

Reykjavík 176/151 17 0737 A3

Forseti Alþingis,

Olafur Einarsson, alþingismaður

Alþingi

Reykjavík

Upplýsi að ég hef án árangurs leitað upplýsinga um kostnaðarverð og söluverð raforku til álvers í Hvalfirði, auk upplýsinga um fræðimenn sem starfað hafa hjá Umhverfisráðuneyti við álitsgjöf um alþjóðalegar skuldbindingar Íslands um mengun andrúmsloftsins í tengslum við álmálið. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur ekki stutt þessar kröfur mínar þótt opinberir aðilar geti ekki fjallað réttilega um málið nema þessi atriði séu opinber.

Í fréttum Ríkissjónvarps í gærkveldi upplýsti umhverfisráðherra, sem í réttarríkjum mundi vera talinn vanhæfur embættismaður vegna staðfestra lögbrota í málinu, að Eiríkur Tómasson, lögfræðingur, sem á sæti í Úrskurðarnefnd um upplýsingamál, hefði gefið Umhverfisráðuneytinu álit í álmálinu. Einnig á sæti í Úrskurðarnefnd um upplýsingamál Valtýr Sigurðsson lögfræðingur, sem menn úr opinberri þjónustu hafa borið mjög alvarlegum sökum við rannsókn á alvarlegasta refsimáli lýðveldisins, saman ber DV 30. april s.l. Alþingismenn óskast upplýstir sannanlega um símskeyti þetta.

Tómas Gunnarsson, lögfræðingur.

Suðurlandsbraut 6, Reykjavík

SÍMSKEYTI SÍMSKEYTI SÍMSKEYTI